

Október 2015

Fjöregg, félag um náttúruvernd og heilbrigt umhverfi í Mývatnssveit

## Umsögn

**um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, með síðari breytingum (varúðarregla, almannaréttur, sérstök vernd, framandi tegundir o.fl.)**

**145. löggjafarþing 2015–2016, þskj. 140, 140. mál**

Fjöregg, félag um náttúruvernd og heilbrigt umhverfi í Mývatnssveit, gerir eftirfarandi athugasemdir og tillögur um breytingar á lagafrumvarpinu, fyrst og fremst er varðar almannaréttinn. Athugasemdirnar eru meðal annars byggðar á niðurstöðum íbúafundar um sambyli íbúa og ferðamanna í Mývatnssveit sem haldinn var á vegum Fjöreggs í september síðastliðnum. Þar kom fram að íbúum finnst ástæða til að bregðast við breyttum aðstæðum hvað varðar umferð almennings og ferðafólks um eignarlönd. Fjöregg telur að í ljósi þess að fjöldi ferðamanna á Íslandi hefur aukist gríðarlega á þeim fáu árum sem liðin eru síðan ný lög um náttúruvernd voru unnin sé nauðsynlegt að endurskoða ákvæði IV. kafla laganna í ljósi breyttra aðstæðna. Hinn mikli fjöldi ferðamanna sem nú fer um eignarlönd er farinn að valda togstreitu og ákveðnum vandræðum á svæðum eins og Mývatnssveit og við því þarf að bregðast áður en illa fer.

### *Fjarlægð frá bústöðum*

Á fundinum kom meðal annars fram að íbúar verða oft fyrir ónæði af umferð ferðamanna nálægt íbúðarhúsum og þetta hefur stóruáhrif á síðustu árum. Ferðamenn keyra og ganga eftir einkavegum, heim að húsum og leggja jafnvel bílum sínum upp við hús og ganga í kringum þau án þess að tala við húsráðendur. Fjöregg leggur til að í frumvarpinu verði tiltekin ákveðin fjarlægð frá íbúðarhúsum og öðrum byggingum á bæjum í byggð þar sem húseigendur mega takmarka umferð almennings, t.d. 100-150 metrar. Til hliðsjónar má líta á ákvæði um þetta í norsku útilíflögunum (Friluftslöven 1957-06-28-16) og dönsku náttúruverndarlögunum (Naturbeskyttelsesloven, LBK 951 frá 3. júlí 2013).

### *Tjaldvagnar, fellihýsi, húsbílar o.s.frv. utan skipulagðra tjaldsvæða*

Fjöregg leggur til að 3. mgr. 22. gr. nvl. verði breytt á þann hátt að tekið sé harðar á næturgistingu í tjaldvögnum, húsbílum og fellihýsum og þeim gert skilt að nota skipulögð tjaldsvæði, í það minnsta í byggð. Á hverri nóttu yfir sumartímenn hafa tugir slíkra bíla næturstað í kringum Mývatn og í nærliggjandi sveitum (líkt og um allt Ísland), oftast þar sem engin salernisaðstaða. Slíku fylgir mikill sóðaskapur og náttúruspjöll og á því þarf að taka.

*Úrræði til að bregðast við brotum*

Loks leggur Fjöregg til að reglur um almannarétt verði tengdar við úrræði til að bregðast við brotum á þeim, meðal annars þannig að landeigendur og réttshafar hafi skýra heimild til að vísa fólki burt af landi þar sem þeim er skv. lögum ekki leyfilegt að vera. Í norsku útilíflögunum er til dæmis að finna slíka heimild (2. mgr. 11. gr.)

**Mývatnssveit, 8. október 2015**

**Ólafur Þröstur Stefánsson, formaður Fjöreggs**